

TILLAGA AÐ VINNU VIÐ EINA KENNITÖLU

Lögð fram á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 9. maí 2026

Flm: Sigríður Stefánsdóttir formaður Rauða krossins á Íslandi, Jón Ásgeirsson varaformaður, Arnbjörg Sveinsdóttir stjórnarmaður, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ívar Kristinsson stjórnarmaður, Magnea Gná Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Óttarr Ólafur Proppé stjórnarmaður, Símon Friðrik Símonarson stjórnarmaður, Valgerður Bláklukka Fjöl意思dóttir stjórnarmaður, Árni Jóhannsson varamaður og Unnsteinn Ingason varamaður.

Tillagan:

Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur til á aðalfundi félagsins 9. maí 2026 að skoðað verði á næstu tveimur árum hvernig hægt sé að sameina starf félagsins undir eina kennitölu. Samráð vegna vinnunnar verður meðal annars tekið fyrir á formannafundi félagsins 2026.

Greinargerð:

Í skýrslu framtíðarhóps 2023 kom fram vilji félaga til að sameina starf félagsins í eina kennitölu. Á þeim tíma var leitað til endurskoðandans Grant Thornton til að fá mat á fýsileika. Niðurstaða þess mats var sú að ekki þótti skynsamlegt að ráðast í þær breytingar að svo stöddu. Ákveðið var þá að hefja vinnu við að skoða hvernig hægt væri að vinna að því en það náðist ekki fyrir aðalfund 2026 þar sem enn hefur því ekki verið svarað hvernig félagið geti starfað undir einni kennitölu á sama tíma og deildir haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu.